

**497. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
mánudaginn 2. maí 2016
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) ritari.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar, engar athugasemdir voru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Dagskrá:

1. 1604029 - Fundargerð 106 fundar stjórnar Heilbrigðiseftirlits vestfjarða frá 8 feb 2016

Til kynningar.

2. 1604055 - 100. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða

Til kynningar

3. 1604046 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða, frá 21. mars

Til kynningar

4. 1603012F - Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 17

Tekin er til afgreiðslu fundargerð 17. fundar Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar frá 20. apríl. Fundargerðin er í fjórum liðum.

4.1. 1603076 - Sýslumaðurinn á Vestfjörðum - Umsagnarbeiðni, Ártún, gististaður í fl. I

Lagt fram bréf frá sýslumanninum á Vestfjörðum með ósk um umsögn um útgáfu gistileyfis fyrir gististað í flokki I að Ártúni (Strandgötu 26), Tálknafirði að hámarki 8 gestir.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis sé húsnæðið í samræmi við samþykktu uppdrætti og felur byggingarfulltrúa að ganga úr skugga um að svo sé.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

4.2. 1604059 - Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu.

Tekin fyrir deiliskipulag flóðvarnargarður og Íbúðarbyggð ofan Strandgötu- matslýsing.

Um er að ræða matslýsingu fyrir deiliskipulag flóðvarnargarðs í Geitárhliðum og íbúðarhverfis ofan Strandgötu. Deiliskipulagssvæðið er samtals 18 ha.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir matslýsinguna og mælist til þess að haft verði samráð við Skipulags- og Umhverfisstofnun um umfang og áherslur í umhverfisskýrslu. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

4.3. 1604058 - Breyting á Aðalskipulagi - þéttbýlisuppráttur.

Tekin fyrir breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018, lýsing á skipulagsverkefni og matslýsing.

Um er að ræða breytingu á landnotkun á jaðarsvæðum í þéttbýli Tálknafjarðar. Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði eru skilgreindar sem opið svæði til sérstakra nota í staðinn fyrir óbyggð svæði. Mörk þéttbýlis eru einnig stækkuð til austurs.

Fyrirhuguð er einnig stækkun hafnarsvæðis á Tálknafirði en aukin umsvif vegna fiskeldis og aukin eftirspurn eftir lóðum á hafnarsvæði kalla á stækkun hafnarsvæðisins og aukna landfyllingu.

Helstu forsendur fyrir breytingunni er að víkka út möguleika til mannvirkjagerðar í útjaðri þéttbýlis í Tálknafirði hvort sem er til útivistar eða ofanflóðavarna sem og aukið athafnarými á hafnarsvæði Tálknafjarðar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti skipulags- og matslýsinguna og mælist til þess að haft verði samráð við Skipulagsstofnun og aðra lögbundna aðila vegna lýsingar skipulagsverkefnisins og um umfang og áherslur í umhverfisskýrslu og að hún verði kynnt fyrir almenningi. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

4.4. 1501058 - Deiliskipulag - Bæjarvík

Deiliskipulag fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar í Tálknafirði tekið fyrir.

Tillagan var auglýst frá 22. febrúar til 4. apríl 2016 og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Umsagnir liggja fyrir frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og Minjaverði Vestfjarða. Umsagnir gáfu ekki tilefni til efnislegra breytinga á tillögunni.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða deiliskipulagið skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulags og umhverfisnefndar. Samþykkt samhljóða.

5. 1604023 - Gagntilboð vegna Dunhaga

Lagt er fram gangtilboð frá kvenfélaginu Hörpu vegna fyrirhugaðra kaupa sveitarfélagsins á fasteigninni Dunhaga.
Sveitarstjórn samþykkir ekki framlagt gagntilboð.

Samþykkt samhljóða.

6. 1604045 - Undirbúningur Byggðaáætlunar 2017-2023.

Sveitarstjórn þakkar bréfitara gott boð um víðtækt samráð á um mótun byggðaáætlunar. En sveitarstjórn mun vera þátttakandi í ferlinu í gegnum Stefnumörkun sveitarfélaga á vestfjörðum.
Samþykkt samhljóða.

7. 1604044 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Sveitarstjórn fagnar yfirfærslu verkefna og eflingu nærþjónustu heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Að öðru leyti er tekið undir bókun frá heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis frá 8. apríl sl.
Samþykkt samhljóða.

8. 1604072 - Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Sveitarstjórn samþykkir að gerast þátttakandi í tilraun að auka þjónustu við íbúa er varðar utankjörfundaatkvæðagreiðslu. Er sveitartjóra falið að vinna að umsókn með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða

9. 1604093 - Bæjarskilti, tillaga

Lagðar fram þrjár tillögur að bæjarskilti og sveitarstjóra falið að kanna kostnað vegna verkefnisins.
Samþykkt samhljóða.

10. 1604094 - Ársreikningur samstæðu Tálknafjarðarhrepps 2015, fyrri umræða.

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2015, tekinn til fyrri umræðu.
Ársreikningi Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans er vísað til síðari umræðu.
Samþykkt samhljóða.

11. 1604096 - Hljóðupptaka af fundum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að gerð verði tilraun með hljóðupptökum af sveitarstjórnarfundum sem verði aðgengilegar fyrir íbúana á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps.
Samþykkt samhljóða.

12. 1604048 - Beiðni um umsögn vegna fjarfestingaverkefnis.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps fagnar þeirri uppbyggingu sem er að verða í Norðubotni í Tálknafirði og tekur jákvætt í erindið.
Samþykkt samhljóða.

13. 1604041 - Tilboð í nýja potta fyrir sundlaug.

Sveitarstjórn hafnar tilboði í nýja potta fyrir sundlaugina með 3 atkv. KM, ÁJ og EJ á móti, einn situr hjá, II, samþ. JÖP..

14. 1604099 - Tilboð í malbik.

Afgreiðslu frestað.
Samþykkt samhljóða

15. 1604095 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri kynnti að breytingar hefðu orðið á skjalakerfi sveitarfélagsins. Kerfið sem áður var rekið í samstarfi við Vesturbyggð uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru um skjalvistun og því var kerfið endurnýjað og er innleiðingarferli í gangi. Sveitarstjóri skýrði frá innheimtri staðgreiðslu fyrstu 3 mánuði ársins og er hún í samræmi við áætlun. Framkvæmdir hafa gengið samkvæmt áætlun.

Sveitarstjóri fer í sumarfrí 6.-12.maí.

16. 1604063 - Arðgreiðsla LS vegna 2015

Til kynningar.

17. 1604030 - Héraðsþing HHF nr 37 15.03.2016

Til kynningar.

18. 1604025 - Samantektir úr meistararitgerðum vegna skemmtiferðaskipa

Til kynningar.

19. 1604043 - Samband íslenskra sveitarfélaga, Lokaskýrsla um úrgangsmál.

Til kynningar.

20. 1604039 - Ársskýrsla 2015.

Til kynningar.

21. 1604066 - ársreikningur 2015

Til kynningar.

22. 1604056 - Bréf til upplýsingar um aðalfund SAF

Til kynningar.

23. 1604045 - Undirbúningur Byggðaáætlunar 2017-2023.

Til kynningar.

24. 1604044 - Samband íslenskra sveitarfélaga. Hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Til kynningar.

25. 1604098 - Lokaskýrsla vegna verkefnis tengdu veru Hollendinga við Ísland

Til kynningar.

26. 1604100 - Umsögn FV, v. samgönguáætlunar 2015-2018.

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____